

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Fundargerð 86. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 3. febrúar 2012 haldinn á skrifstofu eftirlitsins kl. 12:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Einar Valur Kristjánsson, Kristján Jóakimsson, Hjalti Karlsson, Sólrún Geirsdóttir og Jón Hörður Elíasson í stöðugu símasambandi.

Dagskrá:

1. Ársreikningur fyrir árið 2011
2. Viðbrögð sveitarfélaga við gjaldskrá -
3. Umhverfisráðuneyti
4. Erindi frá Umhverfisstofnun
5. Erindi frá Matvælastofnun
6. Skipulagsmál
7. Sveitarfélög og eftirlit.
8. Starfsleyfi fyrirtækja
9. Tímabundin starfsleyfi vegna áramótabrenna
10. Athugasemd vegna útgefina starfsleyfa
11. Önnur mál

1. **Ársreikningur fyrir árið 2011. Heilbrigðisfulltrúi** kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2011. Heildarrekstrarkostnaður og stofnkostnaður var kr. 23.695.984. Eftirlitsgjöld voru kr. 14.830.729. Sértekjur voru lægri en áætlað hafði verið. Heilbrigðisnefndin fjallaði um ársreikninginn og var hann samþykktur.

2. **Gjaldskrá fyrir árið 2012** Ísafjarðarbær samþykkir framkomna tillögu að gjaldskrá. Áður hefur Bolungarvík, Reykhólar, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppur, Kaldrananeshreppur samþykkt og Súðavíkurhreppur kynnt. Heilbrigðisnefnd felur frakvæmdastjóra að birta nýja gjaldskrá.

3. Umhverfisráðuneyti

- Umsögn Umhverfisstofnunar um undanþágubeiðni Fiskimjölsværksmiðju Bolungarvíkur. Kynnt
- Úrskurður ráðuneytis vegna útgáfu starfsleyfis Umhverfisstofnunar á kvíaeldisstöð Þórodds ehf á svæði merktu tA fram að Sveinseyrarhlíð, Tálknafirði. Kynnt
- Staðfesting á sorpsamþykkt Ísafjarðarbæjar. Kynnt

4. Umhverfisstofnun

- Reglubundið eftirlit 21.09 2011 hjá Íslenska Kalkþörungafélaginu. Kynnt
- Reglubundið eftirlit 11.11.2011 hjá Þóroddi ehf. Kynnt
- Kynning á starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð Arnarlax ehf í Arnarfirði. Kynnt
- Könnun á merkingarskyldum efnavörum í matvöruverslunum og stórmörkuðum. Kynnt
- Eftirlitsverkefni samkomuhús og salir til útleigu. Kynnt
- Olúpróf frá Macherey Nagel – til að meta magn olíu í frárennsli. Kynnt
- Kynning á vatnatilskipun og vatnasvæðanefnd. Kynnt

- Starfsleyfisskilyrði fyrir loðdýrabú. Kynnt
- Lámarksviðmið umhverfiseftirlits tilmæli evrópuþings. Kynnt
- Olúskiljuverkefni umhverfisgæðahóps. Kynnt
- Reglubundið eftirlit 31.10 2011 hjá fiskeldi HG kynnt
- Reglubundið eftirlit í óubirgðastöð Skeljungs á Patreksfirði 11.11. 2011 kynnt
- Urðunarstaður Bolungarvíkurkaupstaðs í landi Hóls kynnt.

5. Matvælastofnun

- Reglugerð um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með matvælum kynnt
- Tillaga Mast um hvaða dreifing matvæla úr dýraríkinu teljist óveruleg, staðbundin. Kynnt
- Ábending um fæðubótarefni sem innihaldi virk lyfjæfni sem ætluð eru við ristuflunum. Kynnt
- Innköllun af markaði Kötlu glassúr, krónu ostakaka vegna vanmerktra ofnæmis og óþolsvalda. Kynnt
- Innköllun vegna gruns um salmonellu í kjúklingi Matfugl. Kynnt
- Innköllun á blönduðum humri þar sem varan inniheldur súlfít sem ekki kom fram á umbúðum. Kynnt
- Þrjú eftirlitsverkefni fyrir árið 2012-Sjálfsafgreiðslubarir- Rekjanleiki og innköllun-Innra eftirlit könnun kynnt

6. Skipulagsmál

- Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar. Kynnt
- Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Hafnarteigs 4 Bíldudal. Kynnt
- Frummatsskýrsla vegna ofanflóðavarna neðan Gleiðarhjalla, Ísafirði. Kynnt
- Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði álit Skipulagsstofnunar. Kynnt

7. Sveitarfélög

- Landmótun í Dagverðardal ekki hafa borist magntölur yfir það efni sem á að endurnota á þessum stað.
- Heilbrigðisfulltrúi kynnti skýrslu um Talningu bíla að Garðstöðum Bílar voru taldir á Garðstöðum 6. september 2011 og 17. janúar 2012. Bílarnir voru taldir á myndum sem teknar voru úr hlíðinni fyrir ofan safnið. Samtals töldust vera 423 og 422 bílar. Heilbrigðiseftirlitið hefur undanfarin ár talið bílasafnið og fylgst með. Eina breytingin sem orðið hefur er að svæði lengst frá bænum merkt A það er svæðið beint á móti kirkjunni í Ögri hefur verið hreinsað. Að öðruleiti eru ekki sjáanlegar marktækar breytingar á fjölda bíla eða bílhuta. Mikið magn brotajárns og flokkaðs úrgangs hefur verið flutt frá Garðstöðum á þeim tíma sem samningar við Súðavíkurhrepp hafa verið í gildi. Þess sér þó engin merki í umfangi brotajárns á svæðinu og því má álykta að álíka magn sé flutt inn á svæðið og fer út af því.
- Niðurstöður heildarefnagreiningar á neysluvatni Ísafjörður og Bolungarvík. Kynnt
- Bensín flutninga slys í Hestfirði: Þann 16. janúar valt bensínflutningabíll í Hestfirði við Ísafjarðardjúp.

Á bíl voru lestaðir 39.036 lítrar af bensíni. Það sem náðist af bílnum á vettvangi var skv. mælingu 15.984 lítrar. Það sem eftir stendur og er bókað á þetta tjón í dag eru 23.052 lítrar.

Brák lagði frá ræsi og út fjörðinn en náði aldrei nema út á miðjan fjörð.

Hreinsibíll frá Gámaþjónustu Vestfjarða var notaður til að dæla upp úr vegrásinni vatni, bensíni og slökkvikvoðu. Úr vegrásinni var dælt um 30.000 lítrar af þessari blöndu og er eftir að sjá hvort hægt sé að nýta það sem skilst frá en sjónmat gefur til kynna að það geti verið 7.000-10.000 lítrar sem sé hægt að skilja frá. Endanlegar tölur um hversu mikið náðist upp liggja ekki fyrir.

Heilbrigðiseftirlitið mun fylgjast áfram með slyssað fram á sumar, bensínlykt var enn á slyssað 18. janúar. Búast má við að staðurinn hreinsi sig á næstu mánuðum og ekki er búist við varanlegum umhverfisáhrifum í Hestfirði.

8. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
621096-2499-	Ametyst ehf	Ísafjörður	Hárgreiðslu- og snyrtistofur

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
601191-1059-	Bílatangi hf	Ísafjörður	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs
691210-0650-	Fánasmiðjan Ehf	Ísafjörður	Sáldprentun

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 1 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
620609-0720-	Létthöfði ehf	Árneshreppur	Vinnsla á ferskum fiski, lítil
700807-0450	Dýrfiskur - Önundafjörður	Ísafjörður	Land- og kvíaeldi
700807-0450	Dýrfiskur ehf - Ísafjarðardjúp	Ísafjörður	Land- og kvíaeldi
630608-1980-	Fjarðareldi ehf	Ísafjörður	Land- og kvíaeldi

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti_atvinnugreinar
670575-0399-	Hótel Ísafjörður hf	Ísafjörður	Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)
670575-0399	Hótel Edda Ísafirði	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)

9. Tímabundin starfsleyfi vegna áramótabrenna –

Kennitala	Heiti	Nafn forráðamanns	Sveitarfélag	dags	Heiti atvinnugreinar	Rúmmál
211276-4799	Áramótabrenna Garðstaðagrundum	Pétur Steingrímsson	Súðavík	31.des	áramótabrenna	100m ³
180585-2149	Áramótabrenna Hólmavík	Pétur Matthíasson	Hólmavík	31.des	áramótabrenna	170m ³
301071-2899	Áramótabrenna patreksfirði	Mickael Wulfken	Vesturbyggð	31.des	áramótabrenna	205m ³
061270-5829	Áramótabrenna Drangsnesi	Magnús Ásbjörnsson	Kaldrananeshreppur	31.des	áramótabrenna	50m ³
010260-4429	Áramótabrenna Ísafriði	Kubbur, Sigurður Óskarsson	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna	380 m ³
200975-4489	Áramótabrenna Hnífsdal	Kubbur, Sigurður Óskarsson	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna	57m ³
010260-4429	Áramótabrenna Flateyri	Kubbur, Sigurður Óskarsson	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna	88m ³
010260-4429	Áramótabrenna Suðureyri	Kubbur, Sigurður Óskarsson	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna	193m ³
010260-4429	Áramótabrenna Þingeyri	Kubbur, Sigurður Óskarsson	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna	171m ³
151156-5419	Áramótabrenna Bíldudal	Hlynur Aðalsteinsson	Vesturbyggð	31.des	áramótabrenna	50m ³
070466-3179	Áramótabrenna Súðavík	Garðar Sigurgeirsson	Súðavík	31.des	áramótabrenna	100m ³
261066-8319	Áramótabrenna Tálknafirði	Eyrún Ingibjörg Sigþorsdóttir	Tálknafirði	31.des	áramótabrenna	160m ³
161159-5849	Áramótabrenna Bolungarvík	Elías Jónatansson	Bolungarvík	31.des	áramótabrenna	384m ³
200265-3479	Áramótabrenna Reykhólum	Egill Sigurgeirsson	Reykhólahreppur	31.des	áramótabrenna	130m ³

Umhverfisstofnun óskaði eftir upplýsingum um mat á magni timburs sem brennt er á áramótabrennum þann 23. desember síðastliðinn. Tílefnið var að útreiðuð losun dioxíns fyrir árið 2008 gaf til kynna að 46% af losun alls dioxíns í landinu stafaði frá áramótabrennum. Þetta er ótrúlegt hlutfall sem efast hefur verið um að sé rétt. Tvær breytur eru í þessum útreikningum sem gætu gefið ranga mynd. Þ.e. magn þess timburs sem brennt er um áramót og hinsvegar þeir reiknistuðlar sem notaðir eru til að áætla losun frá brennum. Ósk Umhverfisstofnunar er því komin fram til að betur mætti mæla magn timburs sem brennt er um áramót. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tók þátt í þessu verkefni og óskaði eftir stærðarupplýsingum og myndum frá þeim sem fengu tímabundin starfsleyfi fyrir brennur um síðustu áramót. Efni á brennum var skoðað eftir því sem tók voru á. Þess ber að geta að efni var keyrt og brennur hlaðnar upp 30. og 31. desember og því vonlaust að mæta á allar brennur. Hinsvegar skiluðu upplýsingar sér ágætlega til Heilbrigðiseftirlitsins. Megnið af brennuefni reyndist vera bretti, en einnig eitthvað af ómáluðu timbri.

10. Athugasemd um starfsleyfi útgefin frá Heilbrigðisnefnd Vestfjarða efasemdir um gildi? Fiskistofa hefur hafnað umsókn frá Dýrfiski af þeirra sögn vegna ófullnægjandi starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Á það er bent að sami háttur hefur verið hafður við útgáfu starfsleyfa heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá Árinu 2001, þ.e. staðsetning eldiskvíá miðast við einn punkt. Þetta verklag hefur verið viðhaft án athugasemda frá Umhverfisstofnun og Fiskistofu. Fiskeldiskvíár sem eru í notkun á svæðinu eru flestar með 60 – 90 m. í þvermál. Athugasemd Fiskistofu lýtur að því að ekki sé hægt að staðsetja eldiskví í einum punkti. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða ákveður því að fastsetja staðsetningu eldiskvíá á þann veg að eldiskvíár skulu staðsettar innan 200 metra raddius frá staðsetningarpunkti. Þannig að framvegis verði tekið fram að starfsleyfi **heilbrigðisnefndar gildi í allt að 200 m raddius frá staðsetningarpunkti.**

11. Önnur mál

- Beiðni um upplýsingar um vinnubúðir og starfsmannaheimili frá Hagstofu
- **Fundadagskrá.**

1. fundur	3. febrúar	Ársreikningur
2. fundur	30. mars	Matvælaeftirlit – Innra eftirlit
3. fundur	1. júní	Fundur í Vesturbyggð um sumarverkefni
4. fundur	31. ágúst	Fundur í Strandabyggð um sumarverkefni
5. fundur	5. október	Fjárhagsáætlun.
6. fundur	7. desember.	Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fundi slitið kl 13:15